



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 7. desember 2023
2303098 JKH

00.36

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Bt. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478.mál, þingskjal 526.

Á 133. fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar þann 6. desember 2023 var framangreint frumvarp til umfjöllunar. Eftirfarandi er bókun bæjarráðs um málið, áréttað er að samkvæmt samþykkt bæjarráðs mun bæjarstjóri fyrir hönd Suðurnesjabæjar senda Alþingi ítarlega umsögn um frumvarpið.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hefur Suðurnesjabær fengið frumvarpið til umsagnar. Drög að frumvarpi var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda í mars sl. Í umsögn Suðurnesjabæjar um drögin voru gerðar athugasemdir um allmörg atriði en ekki verður séð að tillit hafi verið tekið til þeirra í endanlegu frumvarpi. Samkvæmt útreikningum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 2023 sem samanburðarár, lækka framlög til Suðurnesjabæjar um 204,9 mkr. ef frumvarpið verður að lögum, eða sem nemur 28,6% m.v. núverandi framlög. Útkomuspá Suðurnesjabæjar fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu bæjarsjóðs upp á 21,6 mkr. m.v. núverandi fyrirkomulag. Ef lögin væru komin að fullu til framkvæmdar mætti gera ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu rekstrar bæjarsjóðs upp á 226,5 mkr.

Suðurnesjabær mótmælir því harðlega að samþykkt verði lög á Alþingi sem ganga jafn harkalega gegn hagsmunum sveitarfélagsins og fela í sér þann mismun sem að framan er rakið og sem mun á augljósan hátt hafa neikvæð áhrif á þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Áætluð lækkun framlaga frá Jöfnunarsjóði um meira en 200 milljónir á ári mun leiða til verulegs og viðvarandi rekstrarhalla Suðurnesjabæjar. Sveitarfélagið mun því að óbreyttu þurfa að skerða lögbundna þjónustu við íbúa, þvert á þau fyrirheit sem gefin voru við sameiningu Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs árið 2018.

Í jafn umfangsmiklu máli og hér er á ferð geta sveitarfélög og samtök þeirra á engan hátt unað því að gerðar séu grundvallar breytingar á frumvarpinu, án samráðs, rétt fyrir framlagningu þess á þingi. Breyting á 13. gr. frumvarpsins mun helst gagnast sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki leggja á hámarksútsvar. Breytingin gengur þvert gegn markmiðum frumvarpsins og mun valda tilfærslu verulegra fjármuna frá sveitarfélögum sem hafa



SUÐURNESJABÆR

takmarkaða möguleika til tekjuöflunar til sveitarfélaga sem gætu auðveldlega aukið tekjur sínar með öðrum leiðum.

Suðurnesjabær skorar því á öll sveitarfélög að mótmæla slíkum vinnubrögðum harðlega og væntir þess að Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga geri það einnig.

Samkvæmt frumvarpinu verður nýtt fyrirkomulag jöfnunar innleitt á þremur árum og kemur til fullrar framkvæmdar á fjórða ári eftir gildistöku laganna. Fyrir sveitarfélög sem verða fyrir miklum skerðingum er þessi aðlögunartími of stuttur. Verði frumvarpið að lögum telur Suðurnesjabær nauðsynlegt að lengja innleiðingartímabilið í að lágmarki átta ár.

Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að senda ítarlega umsögn um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til Alþingis.

Virðingarfyllst,

Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri

